



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda byggingarhæfra lóða

Á fundi borgarráðs þann 23. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hversu margar af þeim 2565 byggingarhæfu lóðum sem eru til samkvæmt kortasjá borgarinnar, hefur þegar verið úthlutað og eru komnar í hendur verktaka? Hversu margar lóðir bíða enn útboðs? Lóð telst byggingarhæf þegar tenging við vatn og rafmagn er komið. Þegar lóð hefur verið úthlutað er hægt að hefja framkvæmdir og þá er hraði uppbyggingarinnar í höndum lóðarhafa. Einnig er spurt hvort lóðarhöfum/verktökum séu sett einhver skilyrði um hvenær uppbyggingu skuli lokið á lóðinni?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 24. nóvember sl.

Svar:

Á kortasjá borgarinnar er að finna 47 lóðir sem heimilt er að byggja allt að 2.708 íbúðir á lóðum sem teljast byggingarhæfar. Af þeim lóðum er Nauthólsvegur 79 eina lóðin sem er í höndum Reykjavíkurborgar, en á fundi borgarráðs þann 30. nóvember sl. var samþykkt að bjóða hana til sölu á föstu verði. Gert er ráð fyrir að hún verði auglýst á næstu dögum.

Í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum er að finna framkvæmdafresti en þeir eru eftirfarandi:

- Aðaluppdrættir húss og lóðar skulu hafa borist skipulagsráði til samþykktar eigi síðar en 2 árum og 5 mánuðum eftir B-dag.
- Undirstöður og plata skulu steipt eigi síðar en 3 árum eftir B-dag.
- Eigi síðar en 4 árum eftir B-dag skal lóðarhafi hafa gert hús fokhelt, sbr. ÍST 51:2001, byggingarstig 4.
- Eigi síðar en 5 árum eftir B-dag skal lóðarhafi hafa lokið fullnaðarfrágangi byggingar að utan í samræmi við samþykktu aðal- og séruppdrætti.
- Eigi síðar en 6 árum eftir B-dag skal lóðarhafi hafa gengið frá yfirborði lóðar og öllum frágangi við lóðarmörk í samræmi við samþykktu aðal- og séruppdrætti.



Reykjavíkurborg

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara